

Reykjalundur endurhæfing ehf

20. fundur stjórnar 10. maí 2022 kl. 08.15-10.00 í Grímansfelli

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjánsson.

Dagskrá.

1. Fundargerð 19 fundar til samþykktar og undirritunar.

Samþykkt og undirrituð.

2. Rekstrarstaðan eftir fyrstu fjóra mánuði ársins.

HK kynnir áætlaðan 10,2 m.kr. rekstrarhalla eftir fyrstu fjóra mánuði ársins 2022.

Áætlun ársins gerði ráð fyrir 27,5 m.kr. halla fyrir sama tímabil.

3. Samningaviðræður við SÍ.

Þjónustusamningurinn rann út 31. mars s.l. en hefur verið framlengdur í 3 mánuði, starfsendurhæfingarhluta samningsins hefur verið sagt upp að hálfu SÍ og tekur uppsögnin gildi þann 1. október 2022.

4. Heimsókn heilbrigðisráðherra 30. maí n.k.

Mánudaginn 30. maí kl. 10:30 – 12:00 kemur heilbrigðisráðherra í heimsókn á Reykjalund. Ráðherra verður kynnt starfsemi og helstu hagsmunamál Reykjalundar.

5. Önnur mál

a. Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 30. maí kl. 9.00.

b. Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf. er áformaður í viku 33 eða 34.